

Ed.

389. Breytingartillögur

[181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (StG, GHG, HBl, JE).

1. 3. og 4. málsl. 4. mgr. 5. gr. falli brott.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
 - Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. skulu háðar sérstökum takmörkunum:
 - A. Allar botnfiskveiðar báta 6 brl. og stærri skulu háðar sérstökum veiðileyfum, enn fremur þorskfisknetaveiðar báta undir 6 brl.
 - B. Bátum, sem eingöngu stunda veiðar með línu- og handfærum, eru bannaðar allar botnfiskveiðar í tíu daga um páskahelgi og verslunarmannahelgi og í júní- og októbermánuði samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Enn fremur frá og með 1. desember til og með 15. janúar.
 - C. Bátum 6 brl. og stærri, sem netaveiðar stunda, skal úthlutað sérstöku veiðileyfi með aflahámarki samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum samkvæmt B-lið. Jafnframt getur ráðherra ákveðið í reglugerð mismunandi aflahámark með hliðsjón af stærðum báta í þessum flokki og fyrri veiðireynslu.
 - D. Bátum undir 6 brl. eru bannaðar allar þorskfisknetaveiðar. Þó er heimilt að veita þeim aðilum, sem leyfi fengu til þorskfisknetaveiða á bátum undir 6 brl. á árunum 1986 eða 1987, leyfi til þorskfisknetaveiða og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum samkvæmt B-lið og gilda þá um botnfiskveiðar þeirra ákvæði C-liðar þessarar greinar samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.
 - E. Aflahámark samkvæmt C- og D-liðum er óframseljanlegt.
 - F. Heimilt er að setja sérstakar reglur um botnfiskveiðar báta undir 10 brl. sem leyfi fá til skel- eða rækjuveiða.
 - G. Einungis er heimilt að úthluta bátum veiðileyfi, sbr. A-lið, sem skráðir eru á skipaskrá hjá Siglingamálastofnun ríkisins 31. desember 1987. Þó er heimilt að úthluta nýjum og nýkeyptum bátum veiðileyfi með aflamarki komi þeir í stað sambærilegra báta sem slík veiðileyfi hafa fengið og horfnir eru varanlega úr rekstri. Bátar, sem smíði er sannanlega hafin á fyrir gildistöku laga þessara, eiga kost á veiðileyfi með aflamarki samkvæmt reglum hér að ofan enda hafi verið gerður bindandi samningur um sölu þeirra fyrir sömu tímamörk.
3. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og gilda til 31. desember 1990. Jafnframt eru á gildistíma þessara laga felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.